



Stefna um útvistun

1. Tilgangur og umfang

Tilgangur stefnunnar er að viðhalda yfirsýn, samræma verklag og efla eftirlit með verkefnum sem sjóðurinn útvistar. Útvistun skal hagað þannig að hún samræmist lögum og reglum og samninga sem um starfsemi sjóðsins gilda. Umfang stefnunnar nær til hvers konar þjónustu eða verkefna sem sjóðurinn útvistar.

2. Ábyrgð og framkvæmd

Stjórn sjóðsins samþykkir stefnuna og staðfestir með undirritun sinni. Framkvæmdastjóri sér til þess að stefnunni sé framfylgt. Stefnan er bindandi fyrir aðila sem veita sjóðnum þjónustu. Aðili sem brýtur gegn stefnunni getur átt von á uppsögn á samningi, allt eftir eðli og umfangi brotsins. Ábyrgð lífeyrissjóðsins samkvæmt lögum helst óbreytt þrátt fyrir útvistun.

3. Stefna og markmið

Stefna og meginmarkmiðin eru að:

- Leita tilboða og/eða gera verðkannanir til að lágmarka kostnað,
- meta hæfni, færni og fagmennsku útvistunaraðila,
- útvistunaraðilinn innir af hendi verkefni með skilvirkum hætti, hafi fullnægjandi eftirlit með
- verkefnum og stýrir á viðunandi hátt hættum er tengjast þeim,
- hafa virkt eftirlit með útvistuðum verkefnum,
- meta frammistöðu útvistunaraðila.

4. Útvistunarsamningur

Gera skal skriflega samninga um útvistuð verkefni en hafa skal í huga efirfarandi atriði:

- greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og gæðum,
- ákvæði um réttindi og skyldur samningsaðila,
- gildistími
- upplýsingagjöf og tengiliði,
- fjárhæðir og greiðslutilhögun,
- úrræði ef um vanefndir er að ræða,
- meðferð deilumála,
- ábyrgð og tryggingar,
- eignaréttur og höfundaréttur hugverka eftir því sem við á
- uppsögn og samningslit,



- ákvæði um heimildir til keðjuútvistarar,
- ákvæði um að starfsmenn sjóðsins, endurskoðendur hans og Fjármálaeftirlitið hafi aðgang að gögnum sem tengjast verkefninu og starfsstöð þjónustuaðila
- ákvæði um þagnarskyldu

5. Endurskoðun og birting

Stefnu þessi skal birta á heimasíðu sjóðsins og endurskoða a.m.k. á tveggja ára fresti og leggja fyrir stjórn sjóðsins til afgreiðslu.

Samþykkt á stjórnarfundum Lífeyrissjóðs bankamanna 27. júní 2019.

Ari Skúlason
formaður

Ingólfur Guðmundsson
varaformaður

Sigríður Logadóttir

Margrét Lilja Hrafnkelsdóttir

Sigurjón Gunnarsson

Þóra Valný Yngvadóttir